

Föstudaginn 23. janúar 1987.

Nr. 283/1986. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Hjálmar Reyni Styrkárssyni

(Þorsteinn Júlíusson hrl.)

Bifreiðar. Sýknað af ákæru fyrir brot gegn umferðarlögum. Sér-
atkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Héraðsdómi var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 13. október 1986 og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar refsingu og sviptingar ökuréttinda, en frá þeirri kröfu var fallið við munnlegan flutning málsins.

Svo sem lýst er í héraðsdómi ók ákærði norður Háaleitisbraut og hafði stöðvað bifreið sína á gatnamótum Háaleitisbrautar og Safamýrar. Sú fullyrðing hans, að hann hafi ekki séð til ferða Sveins Loga Guðmannssonar á bifhjólinu á leið hans suður vestari akbraut Háaleitisbrautar er ekki í ósamræmi við það sem fram er komið í málinu að öðru leyti. Málgögnin skera ekki úr um það, að ákærða hafi hlotið að vera ljóst er hann ók af stað á gatnamótunum að umferð gangandi vegfarenda yrði á leið bifreiðarinnar um gagnbrautina yfir Safamýri. Þykir samkvæmt þessu eigi í ljós leitt að hann hafi sýnt vítaverðan skort á aðgæslu við aksturinn. Ber því að sýkna ákærða af kröfum ákærvaldsins.

Ákveða ber að sakarkostnaður í héraði og áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hjálmar Reyni Styrkársson, á að vera sýkn af kröfum ákærvalds í máli þessu.

Sakarkostnaður í héraði og áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs

verjanda ákærða, Þorsteins Júlíussonar hæstaréttarlögmanns, samtals 21.000,00 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Ætla verður, eftir því hvar vitnið Helga Hjaltsted segir sig og Elvar Jóhann Ingason hafa verið stödd á gagnbrautinni yfir Safamýri, skýrslum ákærða sjálfs og vitna þessara um árekstur bifhjólans og bifreiðarinnar svo og öðru sem fram er komið í málinu, að ákærði hefði átt að sjá til ferða bifhjólans áður en hann ók af stað yfir vestari akbraut Háaleitisbrautar til vinstri inn í Safamýri. Grænt ljós logaði gegnt gangandi vegfarendum sem voru á leið suður Háaleitisbraut. Mátti ákærði vænta að þeir kynnu að ganga rakleitt út á gangbrautina yfir Safamýri. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms tel ég að staðfesta beri hann og dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkisjóð 12.000,00 krónur og laun skipaðs verjanda síns, 12.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 25. júlí 1986.

Ár 1986, föstudaginn 25. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 439/1986: Ákærvaldið gegn Hjálmari Reyni Styrkárssyni, sem tekið var til dóms 17. júlí sl.

Málið er höfðað fyrir dómnum með ákæruskjali ríkissaksóknara dagsettu 29. maí sl. á hendur ákærða Hjálmari Reyni Styrkárssyni, Safamýri 79 í Reykjavík, fæddum 23. maí 1930 í Dalasýslu.

Í ákærinni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða, „fyrir að aka, mánudaginn 3. júní 1985, bifreiðinni R-7738 án nægjanlegrar aðgæslu norður Háaleitisbraut í Reykjavík til vinstri áleiðis vestur Safamýri með þeim afleiðingum að bifreiðin varð fyrir bifhjólinu R-1239 sem ekið var suður Háaleitisbraut. Við áreksturinn hlaut ökumaður bifhjólans, Sveinn Logi Guðmannsson, fæddur 28. október 1968, kastlínulos á hægri sköflungi uppi við hnéð með miklu misgengi og brot á hægri dálki.

Telst þetta varða við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, 1. mgr. 37. gr., 3. mgr. 46. gr., 3. mgr. staflíði a og c, 49. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

Mánudaginn 3. júní 1985 klukkan 17:45 var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um umferðarslys á mótum gatnanna Háaleitisbrautar, Safamýrar og Fellsmúla, en þar hafði orðið árekstur með fólksbifreiðinni R-7738 sem ekið var norður Háaleitisbraut og beygt til vinstri áleiðis inn á Safamýri, og létta bifhjólinu R-1239 sem ekið hafði verið suður Háaleitisbraut.

Tveir lögreglumenn fóru á vettvang, og er þeir komu þangað lá bifhjólið á vestari akbraut Háaleitisbrautar rétt við umferðareyjuna, sem aðskilur akbrautirnar, en ökumaður bifhjólsins hafði verið borinn yfir á suðvesturhorn gatnamótanna. Þar lá hann er sjúkrabifreið kom á vettvang, en hún flutti hann á slysadeild Borgarspítalans.

Ökumaður bifreiðarinnar R-7738 var ákærði Hjálmar Reynir Styrkárs-son, sem skýrði svo frá á vettvangi að hann hefði ekið norður Háaleitisbraut með fyrirhugaða akstursstefnu í beygju til vinstri inn á Safamýri. Kvaðst hann hafa stöðvað mót rauðu umferðarljósi við gatnamótin. Þegar grænt ljós kviknaði fyrir akstursstefnu ákærða ók hann af stað í vinstri beygju. Eftir að hafa ekið inn á mið gatnamótin stöðvaði ákærði á ný vegna umferðar sem kom á móti. Þegar bifreiðar, sem voru á leið til suðurs, voru komnar framhjá ók ákærði á ný af stað, enda sá hann ekki til neinnar umferðar á leið til suðurs. Eftir að hafa ekið mjög stuttan spöl kvaðst ákærði hafa séð til gangandi vegfarenda sem voru á leið suður yfir Safamýri á gangbraut við gatnamótin. Kvaðst hann hafa stöðvað fyrir þeim við gatnamótin, en í sömu mund hefði komið talsvert högg á bifreiðina. Um leið varð ákærði var við bifhjólið og ökumann þess sem voru að detta í götuna við umferðareyjuna. Kvaðst ákærði ekki vita hvaða leið R-1239 hefði verið ekið, en hann hefði ekki séð til ferða þess fyrir óhappið.

Bifhjólið var talsvert dældað og speglar brotnir, en hægra afturhöggvarahorn bifreiðarinnar var litillega dældað og ákoma á hægra afturhorni.

Í vottorði Rögnvalds Þorleifssonar læknis á slysadeild Borgarspítalans dagsettu 15. desember sl. segir svo um meiðsli ökumanns bifhjólsins, en hann var Sveinn Logi Guðmannsson, Huldulandi 3 í Reykjavík, fæddur 28. október 1968.

„Þann 3.6. 1985 kl. 18:00, var fluttur á Slysadeildina piltur, er kvaðst vera fyrrgreindur Sveinn. Hann skýrði svo frá, að hann hefði verið á ferð á vélhjóli skömmu áður, er bifreið var ekið á hann. Kvaðst hann hafa verið á heimleið úr vinnu. Sveinn kvartaði um mikla verki í hægra fæti.

Skoðun við komuna á Slysadeildina leiddi eftirfarandi í ljós: Sveinn virtist illa haldinn af verkjum og var miður sín og skjálfaði. Missmíði voru á hægra ganglim. Ekki fannst blóðrás í hægra fæti.

Röntgenmyndir, sem teknar voru strax af hægra hné og fótlegg, sýndu að kastlínulos hafði orðið á sköflungi uppi við hnéð og var mikið misgengi

í þessu broti. Þá var og brot á dálkinum. Sýnilegt þótti að sköflungsendinn neðan við kastlínulosið, sem færður var mikið aftur á við, hefði lokað aðalslagæðinni niður í gagnlim.

Sjúklingurinn var síðan tafarlaust færður á skurðstofu og kastlínulosið fært í skorður eftir því sem hægt var og fékkst í heild góð staða í því. Við þetta opnaðist æðin til fótarsins og blóðrás var eftir það eðlileg.

Auk fyrrgreinds kastlínuloss, voru þrjár alldjúpar skrámur á fætinum, þ.e. tvær framanvert á fótleggnum og hin þriðja framan á hnénu. Hver skráma um sig var u.þ.b. 4 x 1 cm á stærð. Gipsumbúðir voru hafðar á ganglimnum ...“

— — —

Ákærði skýrði rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík frá á sama veg og áður er haft eftir honum á vettvangi.

Ákærða var með heimild í bréfi ríkissaksóknara dagsettu 24. febrúar sl. boðið í dóminum 11. mars sl. að ljúka máli þessu með dómsátt, enda féllist hann á að greiða hæfilega sekt auk sakarkostnaðar og sætti auk þess sviptingu ökuleyfis um hæfilegan tíma. Þessu hafnaði ákærði. Kvaðst hann ekki hafa séð til ferða bifhjólsins, er hann beygði niður Safamýri, og teldi sig hafa verið í fullum rétti og á engan hátt hafa haft aðstæður til þess að afstýra slysi. Kvaðst ákærði af þessum ástæðum hafna boðinu um að ljúka málinu með dómsátt.

Ákærði tók fram að fólkið hefði gengið út á gangbrautina og hann ekki átt annan kost en að stöðva og hefði hann verið búinn að því er hjólið skall á bifreiðinni. Taldi ákærði því að það hefði ekki verið komið upp af beygjunni, sem er á Háaleitisbraut, er hann beygði niður í Safamýrina og hefði hann ekki haft aðstæður til þess að sjá til ferða þess.

Verður nú rakinn framburður vitna.

Vitnið Sveinn Logi Guðmannsson, Huldulandi 3 í Reykjavík, kveðst umrætt sinn hafa ekið bifhjóli sínu R-1239 suður Háaleitisbraut að mótum Safamýrar eftir hægri vegarhelmingi á 40-50 km. hraða. Það sá bifreiðina R-7738 aka um Háaleitisbraut úr suðri áleiðis inn í Safamýri og stöðva þar við gangbraut. Vitnið man ekki hvar það var statt þegar það sá bifreiðina fyrst.

Vitnið sveigði hjólinu til vinstri til að sleppa fyrir aftan bifreiðina, en náði ekki þeirri fyrirætlan og lenti með hægri fótinn á afturhorni bifreiðarinnar. Vitnið man að enginn bíll var fyrir framan það né önnur umferð á götunni.

Vitnið kveðst hafa verið 1-2 mánuði að jafna sig á meiðslum sínum. Það telur sig nú vera orðið jafngott.

Vitnið Elvar Jóhann Ingason, Brekkugerði 20 í Reykjavík, kveðst umrætt

sinn hafa gengið suður vestari gagnstétt Háaleitisbrautar og ætlaði áfram yfir Safamýri á gangbraut, en grænt ljós lifði fyrir gangandi umferð yfir Safamýri.

Þegar vitnið var að ganga yfir götuna stöðvaði bifreið við gangbrautina. Rétt í sömu andrá skall vélhjól aftan til á bifreiðinni. Vitnið hafði ekki tekið eftir hjólinu fyrr og getur ekki borið um hraða þess. Vitnið getur ekki borið um hvort bifreiðin var að fullu stöðvuð er hjólið skall á henni, en allt gerðist þetta á örskammri stundu.

Vitnið kveðst ekki hafa séð bifreiðina þegar það gekk út á gangbrautina og getur því ekki borið um hraða hennar áður en hún stöðvaði.

Vitnið Helga Hjaltested, Brekkugerði 20 í Reykjavík, kveðst umrætt sinn hafa gengið suður vestari gangstétt Háaleitisbrautar og ætlaði áfram yfir gangbraut sem liggur yfir Safamýri, en grænt ljós lifði fyrir gangandi vegfarendur.

Vitnið Elvar var rétt á undan vitninu, sem sjálft hafði stigið eitt eða tvö skref út á gangbrautina, þegar það sá bifreið koma því á vinstri hönd. Bifreiðin stöðvaði við gangbrautina og rétt í sömu andrá skall vélhjól aftan til á henni, en ekki hafði vitnið tekið eftir því áður og getur því ekki borið um hraða þess. Vitninu fannst ekki mikill hraði á bifreiðinni þegar hún var að stöðva, en það sá hana augnabliki áður en áreksturinn átti sér stað. Vitnið segir að annað vélhjól hafi stuttu áður farið sömu leið og það sem lenti í slysinu og hafi því verið ekið nokkuð hratt.

Vitnið Guðmundur Magnús Guðmundsson rannsóknarlögreglumaður, Bláskógum 8 í Reykjavík, gerði skýrslu lögreglunnar um fyrstu afskipti hennar af málinu og hefur staðfest hana við meðferð málsins.

Starfsbróðir vitnisins Guðmundur Magnúsar, Stefán Örn Guðjónsson lögreglumaður, gerði uppdrátt af vettvangi. Þetta vitni kom ekki fyrir dóminn þar sem það var fjarverandi vegna sumarleyfis þegar málið var til meðferðar. Vitnið Guðmundur Magnús athugaði vettvangsuppdráttinn við meðferð málsins og sér ekki betur en að hann sé réttur. Vitnið þorir þó ekki að fullyrða um afstöðu bifreiðarinnar til gagnbrautarinnar með hliðsjón af þeim framburði ákærða, að hún hafi verið nær gangbrautinni en uppdrátturinn sýnir.

Við meðferð málsins bætti ákærði því við fyrri framburð að hann hefði verið búinn að vera stöðvaður smástund þegar hjólið lenti á bifreiðinni. Þá kveðst ákærði ekki telja sig hafa framið neitt refsivert með akstri þeim, sem málið fjallar um og afleiðingum hans.

Niðurstöður.

Með eigin framburði ákærða, sem er í samræmi við annað sem fram er komið í málinu, er sannað að ákærði ók bifreiðinni R-7738 umrætt sinn

norður Háaleitisbraut í Reykjavík til vinstri áleiðis vestur Safamýri með þeim afleiðingum sem í ákæru greinir. Er sannað að ákærði ók í veg fyrir bifhjólið sem átti umferðarréttinn gagnvart ákærða. Kveðst ákærði ekki hafa séð hjólið áður en slysið gerðist, en hann hafi orðið að stöðva vegna gangandi vegfarenda á gangbrautinni.

Pegar ákærði ók inn á gatnamótin áleiðis inn í Safamýri, var hann að taka vinstri beygju sem hann mátti ekki taka fyrr en nálæg ökutæki, sem á móti kæmu, væru farin framhjá, en ákærði kveðst ekki hafa séð bifhjólið áður en hann beygði. Telja verður að ákærða hafi borið að ganga úr skugga um það áður en hann beygði til vinstri og lokaði hluta akbrautar Háaleitisbrautar í suður að hann gæti haldið beygjunni áfram óhindrað þar til hann væri kominn af gatnamótunum. Enda þótt ákærði hefði ekki séð neina umferð koma úr norðri eftir Háaleitisbraut gat honum ekki dulist, ef hann hefði sýnt fyllstu aðgát, að gangandi vegfarendur nálguðust gangbrautina og kynnu að ganga inn á hana og tefja för hans yfir hana, svo að hann lokaði umferð um vestari akbraut Háaleitisbrautar sem er fjölfarin gata. Bar því ákærða að bíða þar til einsýnt væri að hann kæmist inn á Safamýrina hindrunarlaust. Þetta gerði ákærði ekki og verður því að telja sannað að ákærði hafi ekki sýnt nægjanlega aðgæslu með þeim afleiðingum sem í ákæru greinir, og er háttsemi ákærða rétt færð til refsíákvæða í ákærinni.

Sakaferill ákærða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærnum og refsingum, sem hér segir:

1959, 11.3. í Reykjavík. Sátt: 150 kr. sekt fyrir brot á 47. gr. umferðarlaga.

1960, 25.4. í Reykjavík. Sátt: 100 kr. sekt fyrir ólöglega bifreiðastöðu.

1965, 9.2. í Reykjavík. Sátt: 400 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.

1966, 2.6. í Reykjavík. Sátt: 10.000 kr. sekt fyrir brot á 159. m. 79/60 17. gr.

Refsing.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 6.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá birtingu dómsins að telja, en ella sæti ákærði í hennar stað varðhaldi í 5 daga.

Ökuleyfisvipting.

Í ákæru er þess krafist að ákærði verði dæmdur til ökuleyfisviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga, en samkvæmt þeirri grein skal svipta mann rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki ef hann hefur orðið sekur um

mjög vítaverðan akstur eða ef telja verður, með hliðsjón af eðli brotsins eða annars framferðis hans sem ökumanns, varhugavert vegna öryggis umferðarinnar að hann hafi ökuleyfi.

Dómurinn lítur svo á að alls ekki hafi verið um mjög vítaverðan akstur að ræða hjá ákærða umrætt sinn, enda þótt hann hafi ekki gætt nægrar aðgæslu og sé sakfelldur fyrir það. Þá þykir eðli brotsins eða framferði ákærða sem ökumanns ekki með þeim hætti að varhugavert sé vegna öryggis umferðarinnar að hann hafi ökuleyfi, en ákærði hefur ekki svo að vitað sé gerst sekur um brot á umferðarlögum í meira en 20 ár. Þykja því alls engin skilyrði fyrir hendi til þess að svipta ákærða ökuleyfi í máli þessu og er hann sýknaður af þeirri kröfu ákæruvaldsins.

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Þorsteins Júlíussonar hæstaréttarlögmanns, 6.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hjálmar Reynir Styrkársson, greiði 6.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dómsins að telja, en sæti ella varðhaldi í 5 daga í stað sektarinnar.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Þorsteins Júlíussonar hæstaréttarlögmanns, 6.000 krónur.